

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÐ

**FRAMTÍÐIN
ER UNDIR
ÞÉR KOMIN**

**HÁSKÓLINN
Í REYKJAVÍK**

5.FEBRÚAR

FRÁ 11-16



**Framadagar
Háskólanna**

2014

AIESEC



MÆLIR MEÐ...

FYRIR FRAMAPOTARA

Framadagar háskólanna verða haldnir á miðvikudaginn, í Háskólanum í Reykjavík frá klukkan 11 til 16.

Þar gefst háskóla- stúd- entum tækifæri til að ræða atvinnu- mögu- leika sína við öll helstu fyrirtæki og stofnanir landsins. Frír strætó mun ganga á milli HÍ og HR meðan á þessu stendur og er því kjörið fyrir alla stúdenta að skella sér á Framadaga.



FYRIR NÁTTHRAFNA

Á aðfaranótt mánudags verður hið alræmda Super Bowl þar sem Seattle Seahawks mæta Denver Broncos í úrslitaleik NFL. Einnig skemmir ekki fyrir að í hálfleik verða skemmti- atriði frá Bruno Mars og Red Hot Chili Peppers.



FYRIR SKIPULAGÐA

Nú er hægt að kaupa miða á Iceland Airwaves á miði.is en hátíðin mun eiga sér stað 5.-9. nóvember n.k. Um að gera að vera skipu- lagður svona einu sinni og kaupa miða með góðum fyrirvara.



VIKAN Á FACEBOOK



Jóhanna María Sigmundsdóttir K Ekki seinna vænna, en ég kláraði og skilaði sauðfjárbókhaldu í dag eftir mjög stormasamt og erfitt samband við Fjárvis. Við ákváðum að taka okkur pásu í sambandi okkar og taka ekki saman aftur fyrr en í vor.

27. janúar kl. 20:57



Tobba Marinósdóttir bauð ókunnu- ugum manni í Baðstofuna - með loforð um mat og kósýheit! - vitlaus chatt gluggi! "Úps þú ert ekki mamma mín"

28. janúar kl. 14:31



Saga Garðarsdóttir Krakkar, lífshamingjan er í soft tannburstum og fæst í næstu verlsun.

25. janúar kl. 13:09



Gaukur Úlfarsson við Framsóknarmenn ætlum að vera bara heima í kvöld, hlusta á Geirmund Valtýs og drekka blóð.

24. janúar kl. 11:25

www.facebook.com/monitorbladid



ÆVAR ÞÓR

Fyrstu sex: 091284

Lag á heilanum: Goodbye Yellow Brick Road með Elton John.

Æskuátrúnaðargöð: Jim Carrey, Fox Mulder og Gunni og Felix. Svona þegar ég þæli í því er Ævar vísindamaður eiginlega fullkomin blanda af þessum fjórum heiðursmönnum.

Ef ég væri risaeðla væri ég: Gallimimus-eðlan. Ég er ekki nógu hávaxinn til að vera Þórseðlu- bróðir eða nógu svangur til að vera Gramaðla. Svo kann ég ekki að opna dyr þannig að snareðla kemur ekki til greina. Gallimimus- eðlan er í fyrstu Jurassic Park, í meðalhæð, hleypur eins og vindurinn - sérstaklega þegar það er verið að reyna að éta hana.

Mynd/Arni Sæberg

Sprengdi upp Boltaland IKEA

Ævar Þór Benediktsson framkvæmdi ýmsar stórskemmtilegar tilraunir fyrir nýjan vísindapátt á RÚV

Á laugardaginn kemur hefur þátturinn Ævar vísindamaður göngu sína á Ruv. Vísindamaðurinn er hugarfóstur leikarans Ævars Þórs Benediktssonar sem segir karakterinn upprunalega hafa orðið til í útvarpsþættinum Leynifélaginu á Rás 1. „Ég var að hoppa inn í þáttinn í nokkra mánuði og fannst upplagt að leika vísindama- mann í útvarpi því þá þyrfti maður aldrei að sýna hvað maður væri að gera - það var bara nóg að spila eitthvert hljóð og segja: „Voilá!“,“ segir Ævar sem var fljótlega boðið að færa tilraunastarfsemi vísindamannsins í Stundina okkar og þá tóku alvöru vísindin við. Eftir tæp fimm ár í Stundinni fann Ævar svo, að hann var kominn að ákveðnum tímamótum með Ævar vísindamann. „Mig langaði að þróa hann lengra og athuga hvað við gætum gert með hann. Það var annaðhvort að pakka saman og fara heim eða gera eitthvað enn stærra,“ staðhæfir Ævar.

Ævar framkvæmir ýmsar magnaðar tilraunir í þáttunum en meðal annars bræðir hann bíl. Aðspurður segir hann að til bílbræðslu þurfi járnoxíð, ál og þrjú stjörnuljós auk Sprengju- gengis Háskóla Íslands. „Ég held að skemmti- legasta tilraunin hafi verið þegar við sprengdum upp hluta af Boltalandi IKEA með fljótandi köfnunarefni,“ segir Ævar. „Við vorum í portinu á bak við RÚV og hvellurinn varð svo mikill að fólk sem var að bíða eftir strætó í nágrenninu hringdi á lögguna.“

Borðaði flugnalirfur

Sumar tilraunirnar virðast nokkuð ógeðfelldar en Ævar fékk sérstakt leyfi frá Matvælastofnun til að háma í sig sérreктаðar flugnalirfur. „Sameinuðu þjóðirnir telja að innan 50 ára verðum

við að líta til þess að borða skordýr til að hafa nóg að borða. Ég ákvað því að athuga hvernig þessi hugsanlegi matur framtíðarinnar smakk- aðist,“ segir Ævar um ástæður átsins. „Það var búið að sannfæra mig um það að lifruát ætti að vera algjörlega hættulaust og í dag, um þremur mánuðum seinna, er ég enn í lagi,“ segir Ævar en bætir því við að það versta við lifrurnar hafi ekki verið bragðið heldur áferðin. „Sumar þeirra voru farnar að púpa og voru þess vegna harðari undir tönn en maður hefði viljað,“ segir hann og hvetur fólk til að frysta pítsurnar sínar þar sem framtíðin sé ekki björt matarlega séð.

Ævar segist stefna að því að sofa út á næstunni enda hafi hann þurft að halda mörgum boltum á lofti undanfarið. „Ég er samt ekki að kvarta, mér finnst leiðinlegt að sofa.“

PSSST...

Hægt er að fylgjast með Ævari vísindamanni á www.ruv.aevur.

EA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

Lyklavöldin

Þú hefur lykilinn í hendi þér. Ekki lykilinn að hamingjunni en kannski lykilinn gegn óhamingjunni, eins dramatískt og það kann að hljóma. Oddurinn á útidyralklinum þínum stingst nefnilega út á milli hnúanna á þér meðan þú gengur heim, tilbúinn að rífa úr hugsanlegum árásarmanni augun. No joke.

Það eru nefnilega til menn sem eru að leita að konum eins og þér, þ.e.a.s. konum sem eru einar á ferð. Þú hefur oft hitt þá. Þeir hafa hrópað á eftir þér, rennt upp að þér á bílunum sínum, skrufað niður gluggann og boðið þér far. Þeir hafa verið íslenskir, útlenskir, gamlir, ungir og sumir voru jafnvel myndarlegir en þú treystir þeim ekki og svarar þeim ekki. Þú rennir úlpunni upp í háls, vefur kápunni þéttar um þig, hylur barminn með handleggjunum, strunsar ákveðið áfram og reynir að láta ekki á því bera ef þú ert ölvuð.

Þér hafa verið gefin ýmis ráð um hvernig þú átt að breğðast við ef einhver reynir að nauðga þér. Þér hefur líka verið sagt hvernig þú átt að forðast að lenda í aðstæðum þar sem þér gæti verið nauðgað. Seinni ráðleggingarnar eru allar fáránlegar. Punktur.

Einhvern daginn munt þú kannski búa í samfélagi þar sem þú þarft ekki að hafa augun á drykknum þínum allt kvöldið. Kannski munt þú einhvern daginn ekki lengur þurfa að óttast hettuklædda manninn sem gengur fimm skrefum á eftir yfir Klambatún. Þangað til kreistirðu lykilinn fastar inn í lófann, tilbúinn.

Ástarkveðjur Anna Marsý



BLAÐIÐ Í TÖLUM

- 3** sýningar hyggst Ragnar Braga setja upp í Borgarleikhúsinu.
- 12** aðilar sýna klæðaburðinn í götutískunni.
- 8** lið eru komin í úrslit Gettu Betur.
- 6** staðreyndir um Ofurskálina má finna á bls. 17.

MONITOR@MONITOR.IS

Ritstjóri: Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is), Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is), Blaðamenn: Rósa María Árnadóttir, Auður Albertsdóttir, Lís Hafliðadóttir (í fæðingarorlofi), Forsíða: Þórður Arnar Þórðarson (thordur@mbl.is) Umbrot: Monitorstaðir, Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569 1136

Eins og að hitta **Gísla** **Martein** í skóginum

Ásdís María Viðarsdóttir er meðal yngstu keppendanna í forkeppni RÚV fyrir Eurovision en hún mun flytja lagið „Amor“ eftir Hauk Thoroddsen á laugardagskvöldið.



ÁSDÍS MARÍA

Fyrstu sex: 240893

Lag á heilanum:

Upphafsstefið í Law and Order.

Æskuátrúnaðargöð:

Ragga Gísla

Uppáhalds Eurovision-

kynnir: Ryan Seacrest.

Uppáhalds sleikjó:

Þegar maður frystir sítrónusvala. Nei, bíddu. Það er frostpinni. Ég er tóm.

Þú komst fyrst fram á sjónarsviðið þegar þú vannst Söngvakeppni framhaldsskólanna í fyrra með laginu Pink Matter. Hvers vegna valdirðu að flytja það lag?

Ég var búin að vera hlusta gríðarmikið á Frank Ocean þannig að þetta lá beint við.

Þú komst fram ásamt Oddi Inga Kristjánssyni, hefur sigurinn alið af sér frekara samstarf ykkar á milli?

Við vorum hrædd um að toppinum væri náð í Söngkeppninni og viljum ekki vera eitthvað anticlimax. Djók. Við erum með ýmislegt í bígerð.

Hvernig upplifun var að vinna jafn stóra og sögufræga keppni?

Það er til gif af viðbrögðum mínum. Það er ótrúlega myndið. Mér leið eins ég hefði himin höndum tekið.

Nú ertu aftur á keppnisskónum en í þetta sinn í Eurovision, segðu okkur frá laginu sem þú syngur?

Þetta er dálítið öðruvísi lag að mínu mati og örugglega flestra. Þetta er eins og að ganga í dimmum skógi þar sem þú sérð allt í einu unga stúlku sem þú heldur að sé týnd en þetta er ekki ung stúlka, þetta er Gísli Marteinn og hann er með fréttir! En ekki fréttirnar sem þú heldur að hann sé með. Fattarðu?

Hvernig kom það til að þú varst fengin til að syngja þetta lag í undankeppninni?

Haukur, sá sem samdi lagið, hafði samband við mig gegnum Facebook. Þetta var svona eins og You've Got Mail nema meira svona You've got a Eurovision Request og ég er Tom Hanks og hann er Meg Ryan.

Á lagið séns á sigri?

Jafn mikinn sjéns og á að hitta Möggu Stínu í Melabúðinni, sem gæti alveg gerst, af því að hún á heima nálægt.

Munt þú stíga eggjandi dans á sviðinu?

En skipta um búning eða snara fram öðru hefðbundnu Eurovision-sjónarspili? Bongótrommur?

Því miður eru engin fataskipti enda höfnuðu skipuleggjendur keppinnar beiðni minni um tít aukamínútur til fataskipta á meðan á atriðinu stæði. Ég verð alveg ein á sviðinu án bakradda eða dansara þannig að það er algerlega undir mér og laginu komið að koma fútti í atriðið. Við sjáum bara hvernig gengur...

Hvað gerir þú dagsdaglega, svona á milli þess sem þú stundar stífar Eurovisionæfingar?

Sel fólki notuð fót í Spúútnik og kokteila á Argentínu.

Mynduð þið flytja lagið á íslensku eða ensku í aðalkeppninni?

Við skulum ekki fara fram úr okkur en ef svo skemmtilega vildi til að ég ynni, þá myndi ég án efa vilja halda því á íslensku.

Eftir niðurskurðinn á RÚV heyrðust margir bölv því að við værum enn að eyða pening í Eurovision, hvað finnst þér um það?

Stefnubreyting ríkisstjórnarinnar í sambandi við RÚV er að mínu mati mjög alvarlegt mál, enda er Ríkisútvarpið hornsteinn menningar á landinu. Ég skil vel gagnrýnina sem keppnin fær en hún er frábær landkynning og getur komið íslenski tónlist á framfæri. Síðan hefur hún ýmislegt jákvætt í för með sér, fólk safnast saman, horfir á hana og skemmtir sér. Niðurskurðurinn er þannig ekki beintengdur kostnaði við söngvakeppnina. Engu að síður tel ég að söngvakeppnin sé ekki undanskilin niðurskurðinum og ef einhverju fjármagni sem fer til keppinnar væri betur varið í annað þá sé ég ekki skaðann í að minnka kostnaðinn við keppnina.

Áttu þér eitthvert upphalds Eurovisionlag eða fyrirmynd úr Eurovision?

Þó að ég hafi ekki séð þau á þeim tíma þá er ABBA ein af mínum upphalds hljómsveitum.

Ég var náttúrulega tryllt í Selmu þegar hún var og hún hefur verið í miklu upphaldi æ síðan.

En upphaldslagið mitt er Devine með Sebastian Tellier. Eftir að ég sá hann í keppninni keypti ég plötuna hans, Sexuality, hlusta enn á þá plötu.



**FJALLA
KOFINN**



Marmot[®]
ÞÚ FINNUR MUNINN!



Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is  



**FJALLA
KOFINN**

Hulda Hvönn Kristinsdóttir lét barneignir á unga aldri ekki hindra sig frá námi en nú hefur kerfið sem hún reiddi sig á brugðist henni.

Að falla er að deyja

Ég er laganemi við Háskóla Íslands og eins og allir aðrir þurfti ég að taka próf úr almennri lögfræði. Mér hlaut sá vafasami heiður að fá að vera ein af þeim 71% sem náðu ekki faginu (og var þó yfir meðaleinkunn!). Margir þeirra sem náðu voru að þreyta prófið í annað eða þriðja sinn. Ætti það að segja sitthvað um erfiðleikastig þessa ágæta prófs.

Ég á lítið barn sem var að byrja á leikskóla og var því oft veikt þennan veturinn, stundum heilu vikurnar. Ómögulegt þótti að setja fyrirlestrana á staf-rænu formi inn á innranet skólans, þótt það sé gert í mörgum öðrum fögum við háskólann. Þær vikur sem litla dóttir mín lá því lasin heima fór því allur fróðleikur fyrirlestranna fram hjá mér með öllu (en allt sem er sagt þar er jú til prófs). Heimapróf var haldið einn laugardaginn og tvö í viðbót verða á komandi laugardögum þennan vetur, en þá er leikskólinn vitaskuld lokaður. Eins mætti benda á að oft voru tímar á síðustu önn til klukkan að ganga fimm en leikskólanum sjálfum er lokað á slaginu fjögur. Með öðrum orðum: viðmót til nemenda með börn (þá sérstaklega einstæðra foreldra) er arfaslakt. Þetta, ásamt svo mörgu öðru, tók sinn toll af prófundirbúningnum. Það er því sorglegt frá að segja að ég, líkt og svo margir aðrir námsmenn, stólaði algerlega á framfærslulán Lánastofnunar íslenskra námsmanna (LÍN).

Áhættufjárfesting í lögfræði

LÍN gerir kröfu um námsframvindu. Standist nemandi ekki ákveðinn einingafjölda borgar LÍN ekki námslánið út, sem verður þá að bankaláni viðkomandi námsmanns. Bankinn getur krafist tafarlausrar borgunar eða niðurgreiðslu láns með mjög skömmum afborgunartíma. Kúrsinn almenn lögfræði er 18 einingar, s.s. bróðurpartur allra eininga sem teknar eru yfir fyrstu önnina. Fallirðu í honum, fellurðu í öllu, ekki aðeins á önninni heldur neitar einnig LÍN að borga lánið þitt og það sem meira er þá krefst leikskólinn einnig lágmarks námsframvindu. Það má næstum því segja að það sé áhættufjárfesting að ætla sér að fara í lögfræði á námslánum með barn. Ég sótti fund til námsráðgjafa sem hlýddu á mig og þau vandamál sem fylgdu fallinu í almennri lögfræði. Við lok fundarins var mér bent á að leita á náðir Mæðrarstýrksnefndar með matarúthlutunir og annarra góðgerðasamtaka. Aðrar lausnir voru nefnilega ekki auðsjanlegar...

Vítahringur án vonarglætu

LÍN neitar að veita mér áframhaldandi framfærslulán þessa önnina, það þýðir að til

þess að geta framfleytt mér og dóttur minni þyrfti ég að fara aftur að vinna. Til þess að getað unnið get ég ekki verið í skólanum. Ef ég get ekki verið í skóla þá missir dóttir mín leikskólalássið sitt í leikskólanum sem Félagsstofnun stúdenta (FS) rekur. Ef hún missir leikskólalássið sitt þá get ég ekki unnið, þar sem hún hefur engan stað til þess að vera á meðan ég er í burtu. Ef ég get ekki unnið fæ ég engan pening. Ef ég fæ engan pening þá get ég ekki borgað niður lánið hjá bankanum eða framfleytt okkur. Ef ég get ekki borgað niður lánið hjá bankanum þá fæ ég ekki nýtt námslán. Ef ég fæ ekki nýtt námslán get ég ekki verið í skóla. Þannig er ég nú föst í einhverjum vítahring sem varnar því bæði að ég geti unnið og verið í skóla, því hvort er hinu háð; skólinn er háður peningunum sem koma af vinnunni, vinnan er háð leikskólanum sem skólinn býður upp á. Það veit það hver maður að það er oftast margra mánaða bið eftir leikskóla- og dagmómmuplássi, þannig að á meðan þetta millibilsástand varir þá er ég á vonarvöl. Sá eini sem gæti leyst mig úr þessu er LÍN en þar eru allar dyr lokaðar. Aleiga mín þessa stundina eru tæpar 50.000 krónur. Ég vinn í hlutastarfi tvisvar sinnum í viku í fjóra tíma í senn. Einhverja tíuþúsundkalla get ég fengið úr því ef vel gengur og aukavaktir eru margar, en það er bara ekki nóg.

Hvatningarkerfi?

Ég gerði þau stóru mistök að falla í einum

Við lok fundarins var mér bent á að leita á náðir Mæðrarstýrksnefndar.

kúrs. Aldrei áður hef ég fallið og alltaf hef ég sinnt mínu námi af natni. Í þetta eina skipti tókst það ekki sem skyldi og mér hegnist fyrir það núna. LÍN heldur því fram að til þess að hvetja nemendur áfram og forðast að slugsa og að áhugalausir nemendur taki sér mörgundruð þúsund króna námslán fyrir námi sem þeir gera svo ekki annað en fallið í, þá setji þeir kröfu um lágmarksnámsárangur. Þannig sé fólk hvatt áfram til þess að gera vel í skóla og einbeita sér að náminu. Ég féll, einu sinni, og gæti það orðið til þess að ég geti ekki haldið mínu námi áfram. LÍN veitir ekki skuldugum námsmönnum námslán þeim til framfærslu. Hvernig er það hvetjandi?

Hreppsómagi af einu falli

Eftir fundinn hjá námsráðgjöfunum þakkaði ég kærlega fyrir mig og eins og allir aðrir Íslendingar gekk ég fram, reyndi að virðast hnarreist og stolt, niður ganginn og út aðaldyrnar, yfir bílastæðið og inn í bílminn. Þegar bíldyrnar höfðu örugglega lokast brotnaði ég svo saman eins og lítið barn og

grét á stýrið í örvæntingu sem ég hef aldrei áður þekkt; ég vissi ekki hvernig ég ætti að koma mér og barninu mínu í gegnum næsta mánuð. Allt í einu var ég orðinn dragbitur á ættingjum mínum, hreppsómagi innan eigin fjölskyldu, háður örlæti og hjálpssemi annarra, sem þó ekki allir eru eins heppnir og ég að njóta.

Breytinga er þörf

Ég hvet íslenska ríkið, Háskóla Íslands og Lánasjóð íslenskra námsmanna til þess að endurskoða þessa tilhögun mála. Það eru nefnilega námsmenn (og fyrrverandi námsmenn) þarna úti í enn verri málum en ég. Í nágrannaríkjum okkar á Norðurlöndunum er málum víða komið í þann farveg að nemendum er veittur framfærslustyrkur frá ríkinu. Vissulega er gerð einhver krafa um námsframvindu sums staðar en hvergi er nemendum jafn þröngur stakkur búinn eins og á Íslandi. Þessu þarf að breyta!




Þegar bíldyrnar höfðu örugglega lokast brotnaði ég saman eins og lítið barn og grét á stýrið í örvæntingu.

Full búð af nýjum vörum



FYLGSTU MEÐ ÞVÍ NÝJASTA Á FACEBOOK OG INSTAGRAM

 facebook.com/veromodaiceland @veromodaiceland

VERO MODA[®]

Krínlunni og Smáralind



MAGNEA YR ER NEMANDI Í SAMTÍMADANSI Í LISTAHÁSKÓLANUM. FALLEGUR MOKKAJAKKI LÍKT OG HÚN KLÆÐIST ER ALGJÖRLEGA MÁLIÐ Í VETUR



HÉR MÁ SJÁ HEIDAR LOGA BARÞJÓN Á LOFTINU SEM ER EINSTAKLEGA FLOTTUR MEÐ LOÐFELDINN UM HÁLSINN



MH-INGURINN RAKEL VAR STÖDD Í MACLAND EN VIÐ FENGUM AÐ SMELLA AF HENNI MYND Á LEIÐINI ÚT, BLAZERJAKKINN ER FLOTTUR VIÐ HVERSDAGSLEGA LÚKKIÐ

GÖTUTÍSKAN Í RVK



SKEMMTILEG LITASAMSETNING HJÁ BALDRI LISTAHÁSKÓLANEMA, EN HANN ER AÐ LÆRA TÓNSMÍÐAR



ÞESSI FALLEGA STÚLKA, ASSA BORG, ER NEMANDI Í MH. STÍLLINN TÓK SÉRSTAKLEGA EFTIR HVÍTU BLÚNDUSÖKKUNUM VIÐ HVÍTA KRAGANN, HÚN ER ALVEG MEÐ ÞETTA



ÞYRI HULD DANSARI Í FALLEGRI KÁPU VIÐ RÚLLUKRAGAPEYSU OG FLOTTA SKÓ, FULLKOMIÐ



INGI HRAFN, TÖFFARI SEM ER NÝFLUTTUR AFTUR TIL ÍSLANDS, Í FLEGNUM BOL.



HÚN ÁSTA SÁLFRÆÐINEMI SKARTADI OFBÓÐSLEGA FALLEGRI, DIMMBLÁRRI ÚLPU Á LAUGAVEGINUM



GEOFFREY ÞÓR, REKSTRARSTJÓRI PRIKSINS OG TEIKNARI, ER FUNHEITUR MEÐ HUNDANA TVÖ

Það er fátt skemmtilegra en að fylgjast með fólkinu í kringum sig. Það þarf ekki að leita lengra en á Laugaveginum til að sjá hinar ýmsu týpur. **Stíllinn** spókaði sig á Laugaveginum í vikunni, kíkti á götutískuna og fékk að taka nokkrar myndir af smekklegu fólki.



ÞESSI FLOTTA INDJÁNAPEYSA FANGAÐI ATHYGLI STÍLSINS EN HÚN SÓLRÚN SEM ER Í HENNI ER ÞJÓNNA Á TAPAS-HÚSINU



HANN EMIL ER ÞJÓNNA Á CARUSO, HANN LÉT SJÁ SIG Á LAUGAVEGINUM Í FLOTTUM BABOUR-JAKKA VIÐ CONVERSE – KLASSÍK



ÞETTA ER HÚN MARÍA GUÐJOHNSEN, MH-INGUR SEM VAR AÐ SPÓKA SIG Á LAUGAVEGINUM Í ÞESSUM SÉRLEGA FALLEGA PELS



BORÐA DREKKA

TYGGJA

WRIGLEY'S
Extra

 Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuafnis í tyggigúmmí

Hlátur og grátur í eina sæng

*Hrein og bein tilviljun varð til þess að **Ragnar Bragason**, margfaldur Grímu- og Eddu-verðlaunahafi, gerðist leikstjóri. Ragnar er oftast með mörg járn í eldinum og nú er hann snúinn aftur í Borgarleikhúsið þar sem hann leikstýrir öðrum hluta áætlaðs þrileiks síns í leikhúsi, Óskasteinum.*





Akveðin nostalgía gerði vart við sig þegar blaðamaður Monitor mætti í Borgarleikhúsið í vikunni. Það var alltaf svo hátíðleg stund að fara í leikhús á yngri árum, mamma tróð manni í sparifötin og ef maður var góður var alltaf möguleiki á nammi í hléi sem sett var í sérstakan plastpoka til að trufla ekki leikarana. Þvílík tækni. Að þessu sinni var undirrituð hinsvegar komin í Borgarleikhúsið til þess að hitta Ragnar Bragason leikstjóra og fékk meðal annars að heyra um uppvaxtarárin á Súðavík, Vaktarseríu-ævintýrið og norska kryddið. Sjoppa var lokuð en það kom ekki að sök.

Texti: Auður Albertsdóttir audura@monitor.is
Myndir: Þóroddur Arnar Þórðarson thordur@mbl.is

Hvað varð til þess að þú varðst leikstjóri?

Eins og í svo mörgu í lífinu voru það nú bara tilviljanir sem leiddu til þess. Til að fylla upp í einingar í menntaskóla endaði ég í áfanga í kvikmyndagerð hjá Önnu G. Magnúsdóttur sem er núna framleiðandi í Svíþjóð. Hún lét okkur gera stuttmyndir í hópum og þegar hún sá hvernig við gerðum þær benti hún mér kurteislega á að ég hafi leikstýrt myndunum. Hún hvatti mig til að gera meira og ég tók hennar orð fyrir því að það væri eitthvert vit í því sem ég væri að gera.

Þannig að þú ert sjálfmenntaður í greininni?

Já, í rauninni fór ég bara lengri leiðina. Ég prófaði mig áfram í gegnum „happa-glappa“ (e.trial and error) aðferðina og reyndi að læra af hverju verkefni.

Skiptir þá miklu máli að vera duglegur að prófa sig áfram?

Já, og líka bara að sökkva sér ofan í þetta. Ég hef oft sagt að Aðalvídeóleigan á Klapparstíg hefi verið minn kvikmyndaskóli. Ég var þar daglegur gestur í mörg ár og drakk þar í mig kvikmyndasöguna.

Þú ólst upp á Súðavík. Hafði það einhver áhrif á leikstjórnarferilinn?

Ég veit ekki hvort það hafi haft bein áhrif á mig sem leikstjóra en æskan hefur náttúrulega mótandi áhrif og það eru forrættindi að alast upp í svona litlu og nánu samfélagi. Þar kynnist maður mörgum og ekki bara jafnöldrum sínum heldur líka fólki á öllum aldri og þorpið er eins og fjölskyldan manns. Áhugi minn á skáldskap og þessháttar hófst þar, ég las allt sem ég komst í og fór í bíó tvisvar í viku.

Sækir þú mikið til Súðavíkur í dag?

Já, ég reyni að eyða sumrunum þar að minnsta kosti, bæði til afslöppunar og vinnu. Ég hef skrifað svoltið mikið þar og Súðavík er ennþá minn heimastaður. Mér líður eins og ég sé gestur herna í borginni en kemst heim á sumrin.

Þú leikstýrðir Vaktarseríunum svokölluðu, af hverju heldur þú að þær hafi orðið svona vinsælar?

Ég held að það hafi aðallega verið af því að þær komu á góðum tíma, en Íslendingar voru þá orðnir dálítið sveltir á leiknu gæðafni í sjónvarpi. Það gerist annað slagið að maður hittir á einhverja svona gullæð eins og Vaktarseríurnar voru. Kemist í hópnum virkaði líka vel og þetta var náttúrulega alveg ofurgóður hópur sem vann að þessu og allt gekk upp.

Óhætt er að segja að persónurnar í seríunum hafi slegið í gegn. Hvernig urðu þær til?

Persónurnar spretta upphaflega út frá hugmyndinni um kalda stríðið og stórveldin Rússland og Bandaríkin. Semsagt að á næturvakt á bensínstöð mætast kapitalistinn Ólafur, kommúnistinn Georg og á milli væri litla Ísland eða Daníel.

Hvernig var handritið unnið?

Handritið var unnið í hópnum, við sem unnum að því vorum bara í vinnubúðum og tókum þrjá til fjóra mánuði þar sem við hittumst á hverjum degi og skrifuðum.

Áttu einhver uppáhaldsatriði úr þáttunum?

Ég get hlegið endalaust að þættinum í Næturvaktinni þegar Ólafur Ragnar byrjar að laktósa, hann tekur inn skemmt fæðubótarefni og byrjar að mjólka. Mér fannst það alveg sérstaklega fyndið að sjá Pétur Jóhann mjólkandi. Svo stendur líka hungurverkfallið í Fangavaktinni upp úr. En síðan eru þættirnir alveg uppfyllir af yndislegum atvikum, það er eiginlega hægt að nefna endalaust atriði sem eru uppáhalds.

Fyrir nokkrum árum framleiddi norska sjónvarpsstöðin TV 2 endurgerð á Næturvaktinni. Sást þú eitthvað af henni?

Ég held ég hafi horft á einn þátt en hafði svo ekki taugar í meira. Mér fannst það bæði skrytið og einhvernvegin truflandi að sjá eitthvað sem maður þekkir vel og hefur unnið að lengi túlkað af öðru fólki. Mér finnst líka þessar persónur svo mikið vera leikararnir sem túlkuðu þær upphaflega og var ekki alveg að tengja við þetta. Þættirnir voru eflaust alveg fínir en ég lagði ekki á mig að horfa á þá alla.

Hvernig fannst þér Norðmennirnir tækla íslenska húmorinn?

Þetta var svona að mestu leyti beinþýtt. Var bara handritið eins og það var, með einhverju norsku kryddi. Þeirra útgáfa var samt meira svona „grínigrín“ eins og ég kalla það. Kosturinn við Vaktarseríurnar er að þetta er blanda af húmor og drama en þeir tóku kannski meira kómiska partinn sem virkar að mínu áliti ekki nema dramað sé til staðar.

Mér fannst það alveg sérstaklega fyndið að sjá Pétur Jóhann mjólkandi.

Þú hefur ekki aðeins verið í gríninu, en kvikmyndirnar Börm (2006) og Foreldrar (2007) voru dramatískari og vöktu mikla athygli. Hver var hugsunin bakvið þær?

Með Börm og Foreldra lagði ég upp með þá hugmynd að mig langaði að gera þá tilraun að búa til kvikmynd algjörlega frá grunni, það er að leggja ekki til einhvern söguþráð og persónur eins og er nú yfirleitt gert. Það var bara byrjað á algjörum núllpunkti, sem þýðir í rauninni að þetta gerðist bara allt organískt, fyrst urðu til persónur og saga en það var aldrei skrifað neitt hefðbundið handrit, heldur varð allur leiktextinn til fyrir framan myndavélina, sem sagt bara í spuna. Þannig að það var ekki eiginlegt handrit sem er skrifað niður hvað fólk er að segja heldur varð það bara til á staðnum.

Þetta er ekki beint hefðbundin leið til þess að búa til kvikmynd eða hvað?

Nei, ég leik mér oft með vinnuaðferðir sem eru ekki hefðbundnar að þessu leyti. Í Börmum og Foreldrum var þetta gert svona og í Vaktarseríunum komu leikararnir bara inn sem handritshöfundar, við skiptum niður með okkur vinnunni og unnum í mjög miklu samstarfi. Í leikhúsinu hef ég þróað það þannig að ég legg til upphaflega söguþráð og persónur, hvað gerist, upphaf, miðju og endi og allt það. Svo koma leikararnir inn og ég þróa baksvið og smáatriði á persónunum í gegnum fundi og svo tókum við svona tímabil þar sem við erum að spinna og leita og svo sest ég niður og skrifa endanlegt leikrit og við tekum hið hefðbundna ferli. Ég er alltaf að reyna að nota leikarann sem skapandi afl frekar en eitthvað túlkandi og það gefur margt af sér. Þegar hluturinn er loks tekinn upp eða frumsýndur hefur leikarinn lifað mjög lengi með persónunni sinni, kannski hálf ár eða meira, og það verður bara öðruvísi.

Hvaðan færð þú innblástur til þess að fara þessa óhefðbundnu leið?

Innblásturinn kemur meðal annars frá öðrum kvikmyndagerðamönnum

sem koma upphaflega úr leikhúsunum. Það eru til dæmis Mike Leigh og John Casavettes sem spruttu úr leikhúsinu og hafa beitt álíka aðferðum.

Er einhver munur á því að leikstýra gríni og drama?

Í rauninni er enginn munur á því þegar það kemur að því að leikstýra. Maður setur sig kannski í aðeins öðruvísi stellingar þegar eitthvað á að vera fyndið, tímasetningar eru til dæmis mjög mikilvægar í gríninu. En annars geri ég ekki mjög mikinn greinarmun á þessu tvennu því ég hef yfirleitt alltaf blandað þessum saman. Mér finnst drama án kómédíu og kómédía án drama einhvernvegin ekki virka. Þessir tveir þættir, hláturinn og gráturinn, mér finnst skemmtilegt að reyna að stilla þeim upp innan sömu verka. Það eina sem ég leitast við er að það komi frá einhverjum sönnum stað í leikaranum. Ef það er satt þá virkar það, hvort sem það á að vera fyndið eða harmrænt.

Nú ertu snúinn aftur í leikhúsið en þú þreyttir frumraun þína þar árið 2012 með leikritinu Gullregn sem sló rækilega í gegn. Hrífstu af leikhúsinu?

Já, ég er mjög hrifin af leikhúsinu. Eitt sem ég sagði einu sinni í gríni var að þetta væri þægileg innvinna og það er það að hluta til. Í leikhúsinu ertu svolítið verndaðri heldur en í kvikmyndinni. Kvikmyndin er mikill hasar í framkvæmd, maður er að þeysast á milli staða og að fiska í litlum bitum en hefur meiri frið til að dunda sér í leikhúsinu. Ég er ekki leikhúsmaður að upplagi og þegar ég gerði Gullregn hafði ég aldrei unnið í leikhúsi áður sem leikstjóri og leikskáld þannig að ég nýtti mér bara það sem ég kunni úr kvikmyndunum og sjónvarpi. Ég var ekkert að reyna að enduruppögva eitthvert leikhúsform heldur tók ég bara það sem ég hef gert áður og tók það með mér inn. Þannig að þessi tvö verk mín sem ég hef gert í leikhúsi hafa ekki verið langt frá því sem ég hef gert áður, formið er bara ögn öðruvísi.

Annað kvöld verður nýjasta leikritið þitt, Óskasteinar, frumsýnt í Borgarleikhúsinu. Hvaða saga er sögð í því verki?

Óskasteinar fjalla um hóp ógæfufólks sem ákveður að leiðrétta hlut sinn í lífinu með því að reyna að ræna bankaútibú í litlum bæ í nálægð við Reykjavík. Eins og svo oft þegar fólk ákveður að gera einverja vitleysu misheppnast ránið hrapallega og þau þurfa að brjóta inn í leikskóla og leita skjóls þar. Á flóttanum taka þau eldri konu sem gísl og eyða þau öll dágóðum tíma á leikskólanum framefir nóttu og bíða eftir bílstjóranum sem stakk af. Áhorfendur fá sem sagt að fylgjast með þessu fólki og hvernig það þreyfir nóttina.

Við hverju mega áhorfendur búast?

Fólk getur búist mjög, mjög skemmtilegri sýningu. Þetta er hlátur og grátur í bland og er kannski ögn kómískara en Gullregn. Ég er að fjalla svolítið um sömu hluti og ég hef verið að fjalla um áður, sem er fjölskyldan, sambönd foreldra og barna sem og vöggugjafirnar, hvað það er sem gerir okkur að því sem við erum. Þetta er svona gangandi þema í flestu sem ég geri, ég er á vissan hátt alltaf að hjakka í sama farinu. Óskasteinar er annar hluti í þrileik um svona afkima íslensks samfélags sem ég er að gera fyrir leikhús þar sem Gullregn var fyrsti hluti. Ég ætla að gera síðan eitt leikrit í viðbót sem ég byrjaður að smíða.

Þýðir það að þú ætlir að halda áfram í leikhúsinu?

Ég hugsa þetta í þessum þremur verkum til að byrja með. En svo er ég líka með ýms verkefni í kvikmyndum og sjónvarpi. Ég er að reyna að láta mér endast ævina til að gera allt sem ég vill gera.

Ef við snúum okkur aftur að kvikmyndunum, hver er staða Íslands í kvikmyndagerð í dag?

Staða Íslands í kvikmyndagerð er tvíþætt. Ytri ramminn, sá praktíski, er alveg skelfilegur eins og staðan er í dag. Afstaða stjórnvalda gagn-

RAGNAR Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 150971
Mín versta martröð: Að mæta í vinnuna til að leikstýra og víta ekki einu sinni hvert verkið er.
Æskuátrúnaðargöb: Bob Moran
Það sem fékk mig fram úr í morgun: Skemmtilegur dagur framundan í vinnunni
Draumahæfileiki: Að geta búið til tónlist
Ég hef aldrei komið til Færeyja

vart greininni er með ólíkindum. Það er alveg óskiljanlegt hvernig greinin, sem er í svona hröðum vexti og býður upp á svona mikla möguleika bæði efnahagslega, listrænt og auðvitað landkynningalega, skuli vera skorin svona mikið niður, en hún er skorin niður um 40 prósent á milli ára. Við erum á mjög erfiðum stað og ef fram fer sem horfir verða bara framleiddar tvær til þrjár myndir hér á ári sem er bara allt alltof lítið.

En innan greinarinnar myndi ég segja að væri rosalega mikil gróska og mikið í gangi. Það bætist alltaf við í flórana mjög hæfileikaríkt fólk. Þetta er náttúrulega spennandi og skemmtileg starfsgrein sem hefur bæði mikla framtíðar- og uppbyggingamöguleika og fólk ætti að hafa miklu meiri tækifæri hér heldur en boðið er uppá. Þetta er dálítið svona plúsar og mínusar, ekki alveg að tala saman.

Hvaða áhrif mun þessi niðurskurður hafa?

Eins og staðan er núna er kvikmyndagerð alveg vannýtt auðlind. Þetta er mjög blóðugt, maður er að horfa fram á að ef ekkert verður gert mjög hratt og fljótt verður hérna mikill flótti úr greininni og fólk fer frekar til útlanda að leita sér fanga. Það gerðist árið 2010 þegar það var niðurskurður síðast, en þá flutti mjög mikið af lykilfólki úr greininni út og er þar enn. Ég hef stórar áhyggjur að það sama sé að fara að gerast núna.

■ ■ *Ef það er satt þá virkar það, hvort sem það á að vera fyndið eða harmrænt.*

Síðasta kvikmynd sem þú leikstýrðir var Málmaus sem kom út í haust. Hún segir frá ungri stúlku og hvernig hún notar metaltonlist til þess að vinna á móti sorginni. Hver var innblásturinn fyrir þeirri sögu?

Ég var mikill metalmaður og er enn. Tónlist hafði mikil áhrif á mig á mínum uppvaxtarárum og þetta er svona blanda af því og að hafa alist upp í litlu samfélagi eins og Súðavík. Að mörgu leyti hefur Málmaus sjálfsævisöguleg einkenni, ég vil ekki segja að hún sé sjálfsævisöguleg en það eru einkenni í henni sem eru mjög persónuleg. Í síðustu verkum sem ég hef gert, Óskasteinum og Gullregni, sem og Málmaus, hafa konur verið í aðalhlutverki. Þetta eru svona kvennaver, með fókusi á kvenpersónur. Það er eitthvað sem ég er dálítið að einbeita mér að þessa dagana, að skrifa hlutverk fyrir konur og sögur af konum. Finnst það mjög vannýtt og er sorglega lítið gert af því að skapa áhugaverðar kvenpersónur. Einnig var það ákveðin áskorun að prófa eitthvað nýtt. Ég kom náttúrulega úr öllu Vaktarseríuævintýrinu sem snerist um karla í tilvistarkreppu og var mjög karllægt verkefni. Þess vegna er ég búinn að hugsa meira á kvenlægu nótunum síðustu fjögur til fimm ár.

Síðasta haust gerðir þú samning við umboðstofuna APA sem starfar í Bandaríkjunum. Hvað þýðir sá samningur fyrir þig?

Hann opnar í raun möguleika fyrir auknum tækifærum. Með samningnum get ég gert fjölbreyttari hluti en það er aldrei neitt í hendi. Þetta opnar einnig fyrir möguleika á „talent“ og peningum erlendis. Ég lít þó fyrst og fremst á mig sem íslenskan kvikmyndagerðarmann og íslenskan höfund þannig að ég hef engan áhuga á - ekki nema ég neyðist til þess vegna ytri aðstæðna - að flytjast af landi brott og fara að segja sögur á erlendri grundu. En heimurinn er alltaf að verða minni og minni og tungumálið skiptir ekki öllu lengur máli heldur er það tilfinningin.

Þannig þú sérð þig kannski ekki fyrir þér í Hollywood?

APA er auðvitað með höfuðstöðvar bæði í New York og Los Angeles og ég er að fara þangað bráðlega á fundarhrinu útaf verkefni sem ég er með í febrúar. Hvað kemur útúr því kemur í ljós, en ég hef engan áhuga á því að búa í Hollywood.

Er eitthvað framundan hjá þér sem þú getur deilt með okkur?

Það er ekkert í hendi, en ég lærði það nokkuð fljótt að maður verður að hafa nokkra öngla úti í einu. Þegar ég klára eitt verkefni þá er ég sjaldan á byrjunarreit með það næsta. Mig langar að klára þriðja hlutann í þessum leikhúsprleik sem ég er að gera og svo er ég með tvö eða þrjú kvikmyndaverkefni sem eru í bígerð.



UPPÁHALDS:

Grænmeti: Sellerí
Borg: New York
Íslensk kvikmynd: Á annan veg
Morgunkorn: Kaffi
Hundategund: Köttur
Íþrótt: Knattspyrna

Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti utan landsteinanna: Kaupmannahöfn.

Síðasti veitingastadur sem ég borðaði á: Zuzushi.

Síðasti hlutur sem ég keypti mér: Chelsea Wolfe Apocalypse, á vínyl.

Síðasta bíómynd sem ég horfði á: The Wolf Of Wall Street.

Síðasti aðili sem ég knúsaði: Konan mín.





10. APRÍL



GUNNAR ÖRN

Fyrstu sex: Það er full-dónaleg spurning!
Námsbraut: Félagsfræðibraut.
Lag á heilanum: Eitthvað með Prince eða Krúsílius, fer eftir því hvernig Jóhann Viðar er stemmdur. Krúsílius eins og er.
Sérsvið: Listin að draga á talar.
Uppáhalds spurningaflokkur:

Kardashian-fjölskyldan.
Uppáhalds prófasnarl: Popp og kók.
Uppáhalds námsgrein: Íslandsáfanginn... djók!
Skrítnasti kennarinn: Þetta lið er allt stórfurðulegt.
Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég: Suðrænn og seiðandi.
Ég veit ekkert um: stelpur, djók... samt ekki.

JÓHANN ÓLAFUR

Fyrstu sex: 200296.
Námsbraut: Raungreinasvið.
Lag á heilanum: Sommeil – Stromae.
Sérsvið: Franskir Eurovisionslagarar.
Uppáhalds spurningaflokkur: Framsóknarflokkurinn.
Uppáhalds prófasnarl: Kelloggsstangir og íþróttanammi.
Uppáhalds námsgrein: Íslandsáfangarnir voru klassík.
Skrítnasti kennarinn: Allir. Eiginlega skrytið ef þeir eru ekki skrytnir.
Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég: Að spyrja spurninga. Afturábak.
Ég veit ekkert um: Græn tré.

JÓHANN VIÐAR

Fyrstu sex: 230394.
Námsbraut: Félagsfræði.
Lag á heilanum: Krúsílius.
Sérsvið: Bókmenntir og 80's tónlist.
Uppáhalds spurningaflokkur: Allt sem viðkemur tónlistarmanninum Prince.
Uppáhalds prófasnarl: Bulsumnar hans Prins Póló.
Uppáhalds námsgrein: Heimspeki.
Skrítnasti kennarinn: Þeir hafa allir eitthvað að fela, en þjálfarinn okkar er samt undarlegt eintak.
Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég: Siggí Hlö eða Ómar Ragnarsson (afhverju er Siggí Hlö ekki spyrill?).
Ég veit ekkert um: Hvenær Guns N' Roses gefur út nýja plötu, orðinn frekar óþolinmóður hérna!

Grettu betur

Á föstudag hefjast átta liða úrslit í Gettu betur með keppni Menntaskólans á Akureyri og Fjölbautaskóla Vesturlands. Monitor kíkti á liðin og atti þeim saman í mun alvarlegri keppni.



ELMAR GÍSLI

Fyrstu sex: 010896
Námsbraut: Félagsfræðibraut.
Lag á heilanum: 99 luftballons – Nena.
Sérsvið: Mannkynssaga.
Uppáhalds spurningaflokkur: Þær spurningar sem ég veit svörin við.
Uppáhalds prófasnarl: Tópas.
Uppáhalds námsgrein: Hagfræði.
Skrítnasti kennarinn: King Steini Ben.
Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég: Skrollandi, smámæltur og flámæltur
Ég veit ekkert um: Íþróttir.

MAGNÚS

Fyrstu sex: 170595.
Námsbraut: Náttúrufræðibraut.
Lag á heilanum: Shabba - A\$AP Ferg.
Sérsvið: Raungreinar.
Uppáhalds spurningaflokkur: Vísindi.
Uppáhalds prófasnarl: Gult M&M.
Uppáhalds námsgrein: Enska.
Skrítnasti kennarinn: King Steini Ben.
Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég: Logi Bergmann.
Ég veit ekkert um: Landfræði.

BIRKIR HRAFN

Fyrstu sex: 140493.
Námsbraut: Félagsfræðibraut.
Lag á heilanum: Garden party – Mezzoforte.
Sérsvið: Beyoncé.
Uppáhalds spurningaflokkur: Beyoncé.
Uppáhalds prófasnarl: Það sem er hendi næst.
Uppáhalds námsgrein: Saga.
Skrítnasti kennarinn: King Steini Ben.
Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég: Björn Bragi.
Ég veit ekkert um: Jay-Z og vil ekkert um hann vita.



Það sem þú þarft að vita um OFURSKÁLINA

Ofurskálin (e. *Super Bowl*) fer fram næstkomandi sunnudagsnótt. **Monitor** tók saman nokkur grunna-tríði um þennan magnaða sjónvarpsviðburð.

Hverjir keppa?

Liðin sem keppa um titilinn að þessu sinni eru Denver Broncos og Seattle Seahawks. Helsta hetja Denver er liðsstjórinn Peyton Manning. Denver þykir sigurstranglegra en vörn Seattle hefur reynst þeirra besta sókn og þar fer varnarmaðurinn Richard Sherman fremstur í flokki. Það þykir ljóst að Seattle muni ekki gefa sig fyrir en í fulla hnefana og búist er við góðum leik.

Hvað er málið með auglýsingarnar?

Ofurskálin nær gríðarlegu áhorfi og er einn vinsælasti sjónvarpsviðburður Bandaríkjanna ef ekki sá vinsælasti. Auglýsingarnar eru því mjög dýrar og vandaðar og margir horfa á Ofurskálina til þess eins að sjá auglýsingarnar.

Hver kemur fram í hálfleik?

Bruno Mars og Red Hot Chili Peppers en eins má gera ráð fyrir fleiri góðum gestum.

Afhverju er leikurinn kallaður Maríjána-skálin?

Washington og Colorado eru einu ríki

Bandaríkjanna sem hafa lögleitt sölu á maríjúna til hins almenna borgara en þaðan koma einmitt liðin tvö.

Hvað er leikurinn langur?

Fjórum sinnum korter en við það bætast auglýsingahléin, hálfleikurinn og ýmislegt annað sem kemur upp á meðan á leik stendur.

Hvenær hefst leikurinn og hvernig horfi ég á hann?

Leikurinn hefst kl. 23:30 á íslenskum tíma. Oft er hægt að finna leikinn á netinu en hann verður jafnframt sýndur á Spot, Hressó og Bjarna Fel og eflaust víðar.



 Hljóðheimar

ABLETON LIVE MUSIC PRODUCTION

Áhrifaríkt 10 vikna námskeið þar sem farið er yfir helstu grundvallarpætti í heimi pródúseringar á elektrónískri tónlist með tónlistarforritinu Ableton Live.

- Nemendur vinna í sínum eigin EP plötum með hjálp kennara á meðan á námskeiðinu stendur.
- Íslenskir pródúserar koma í heimsókn og flytja fyrirlestra
- Ítarlega kynningu á vinnuaðferðum og tækni við pródúseringu.

Skráning ásamt öllum nánari upplýsingum má finna á hljodheimar.is.

8.febrúar (Námskeið 1)
19.febrúar (Námskeið 2)



@gunnarsigur Viðtalsdrottningar #IceQueen #sMartaMaría



@almagood Me and my girlz Sat night @madebyaxident @carmacamilla @klaraelias #FakeNewYears #party



@logreglan Minnum fólk á að það þarf að bóka og borga fyrir hótélherbergi "We remind our readers of the need to book and pay for a hotel room" #hótelverkefni



#monitormynd

Sérð þú lífið í filter? Líka Monitor! Það er fátt sem Monitor elskar jafn mikið og að fylgjast með uppáhalds fólkinu sínu á Instagram.

Ert þú í Instahring Monitor?

Merktu þína mynd með **#monitormynd** og vertu með í gleðinni. Myndirnar birtast sjálfkrafa á **monitor.is** auk þess sem sniðugir Instagrammarar geta nælt sér í glaðning því í hverri viku útnefnum við **Monitormynd vikunnar**.



@hogniegilsson The Gothenberg Film Festival, Days of Grey International Premiere.



@audunblondal Áttaði mig þegar að ég stóð í Jóa útherja ásamt 6 öðrum unglingum sem urðu að merkja treyjuna sína að maður er hálf tæpur! Ert 33 ára, Auðunn...



@evalaufeykjaran Í dag ætla ég að eyða deginum með blaðamönnum frá Jamie Oliver-tímaritinu í Bretlandi og sýna þeim alla dásamlegu veitingastaðina okkar.



@gislimarteinn Tveir lauffléttir á Kexinu.



@unnureggerts Studio session með þessum @olafurarnalds



@simmivill Logi Pedro er með allt á hreinu! #fabrikkann14 #fabrikkannarshatid

Skalli

Sá svalasti í boenum

**Borgari, franskar,
gos og kokteilsósa**

1.790 kr.



Akureyringur

Nautakjöt, ostur,
tómatar, agúrkur,
jöklasalat, franskar
og hamborgarasósa

Indverji

Indverskt buff í grófu
naanbrauði, grilluð
paprika, rauðlaukur,
jöklasalat, raita og
mangó chutney



Texasborgari

Nautakjöt,
laukhringir, nachos,
jöklasalat, salsa
og jalapenosósa



Í BANFF ÞJÓÐGARÐINUM
VAR STIGINN DANS



ÆVINTÝRALEGT SUMAR

Eftir að hafa útskrifast með B.Ed.-gráðu í grunnskólakennarafræðum frá Háskóla Íslands vorið 2013 hélt **Gerður Gautsdóttir** á slóðir Vestur-Íslendinga í Kanada og Bandaríkjunum á vegum Snorra West.

Ég vissi ekki af Snorra West fyrr en rétt áður en ég sótti um. Ég fékk tölvupóst á háskólapóstfangið mitt um verkefnið og fannst það áhugavert. Í kjölfarið fór ég á netsíðuna þeirra og las mér betur til og varð ennþá spennandi fyrir vikið. Ég hef mjög gaman af ferðalögum og leist vel á að fá tækifæri til að heimsækja Norður-Ameríku, svo ekki sé minnst á Íslendingaslóðir. Ég hafði lært lítillega um ferðir Íslendinga til Vesturheims í skóla, en vissi að öðru leyti ekki mikið um þá og samfélag þeirra í Norður-Ameríku. Það jók áhuga minn á verkefninu að ég vissi að ég ætti marga ættingja í Kanada og Norður-Dakóta. Langalangafi minn fluttist vestur um haf árið 1909 eins og margir aðrir gerðu á þeim tíma. Ég vissi af mörgum ættingjum vegna þess að þeir höfðu komið til Íslands sumarið 2009. Mér fannst það spennandi tilhugsun að geta hitt ættingja mína ytra og komist betur í kynni við þá og aðstæður þeirra.

Nýjar vinkonur

Við vorum fjórar stelpur sem fórum saman: ég, Hulda, Svandís og Þorbjörg. Hulda og Svandís voru nítján ára árið sem við fórum, Þorbjörg 23 ára og ég elst 24 ára. Engin af okkur þekktist fyrir en ég, Hulda og Svandís hittumst í nokkur skipti áður en við fórum út. Þorbjörg er frá Akureyri og ég hitti hana ekki fyrr en á flugvöllinum í byrjun ferðar. Við erum allar með mismunandi bakgrunn ásamt því að vera frekar ólíkar og það gerði þetta bara skemmtilegra. Okkur kom mjög vel saman og við lærðum mikið hver af annarri. Ég held að það hafi bara verið gaman að engin okkar hafi þekkt hinar því fyrir vikið er maður búinn að eignast þrjár nýjar og frábærar vinkonur.

Íslendingar í húð og háir

Þetta var mánaðarferðalag og á þeim tíma ferðuðumst við um þrjú fylki í Kanada: Alberta, Saskatchewan og Manitoba, ásamt því að fara til Mountain í Norður-Dakóta í Bandaríkjunum. Við fórum til borganna Calgary og Edmonton í Albertafylki ásamt

því að heimsækja bæinn Markerville þar sem skagfirski skáldið Stephan G. Stephansson bjó lengi vel. Í Alberta fórum við einnig og skoðuðum Klettafjöllin í Banff-þjóðgarðinum. Í Saskatchewan dvöldumst við í bænum Wynyard og þar skoðuðum við meðal annars Íslendingaslóðir Vatnabyggðar. Í Manitobafylki vörðum við bæði tíma í Winnipeg og í Nýja-Íslandi, Gimli. Við vorum mislengi á hverjum stað, allt frá einum degi í Norður-Dakóta til rúmlega ellefu daga í Gimli. Það má því segja að við höfum farið víða á þessum fjórum vikum.

Í ferðinni gistum við hjá alls sex fjölskyldum sem áttu það sameiginlegt að einhverjir fjölskyldumeðlimanna voru af íslenskum uppruna. Í sumum fjölskyldunum voru meira að segja 100% Íslendingar en þar vestra er það kallað FBI sem merkir „full blooded Icelandic“. Þeir einstaklingar sem það gerðu töluðu reyndar ekki íslensku en höfðu mikinn áhuga á landi og þjóð eins og allir hinir sem við dvöldumst hjá. Ég verð samt að viðurkenna það að mér fannst þetta mjög skrítið fyrst. Maður vissi eiginlega ekki alveg hvernig maður ætti að haga sér. En þetta vandist fljótt og við vorum orðnar ansi „sjóaðar“ þegar á leið. Þetta fór í raun bara að vera nokkuð gaman ef ég á að segja eins og er. Það voru allir svo indælir við okkur að þetta var ekkert mál.

Prinsessur með lítinn frítíma

Dagskráin var í raun mjög þétt sem er þannig séð alveg skiljanlegt því það var auðvitað margt að sjá á stuttum tíma. Við flökkuðum líka svo mikið og að sjálfsögðu vildu heimamenn sýna okkur sem mest. Við fengum þó tvo heila frídaga og svo hluta af nokkrum öðrum dögum. Eftir á að hyggja er ég ánægð með hvernig þetta var, því auðvitað sá ég meira fyrir vikið, en meðan á ferðinni stóð hefði ég viljað aðeins meiri frítíma. Eftir suma dagana vorum við uppgufnar en það gerði ekkert til því það var alltaf svo gaman hjá okkur. Við höfðum kannski viljað fá aðeins meiri tíma til að versla en það bjargaðist alveg fyrir horn eftir að West Edmonton Mall var troðið inn í dagskrána.



FJÖR Á RITSTJÓRNARSKRIFSTOFU
LÖGBERGS-HEIMSKRINGLU

Það sem kom mér einna mest á óvart í ferðinni er tengingin og taugarnar sem Vestur-Íslendingar bera til Íslands og frændræki þeirra. Vestur-Íslendingar tala fallega um land okkar og þjóð og eru afar stoltir af uppruna sínum. Margir hverjir halda fast í hefðir héðan, til dæmis með því að hafa þorablót, fagna sumardegnum fyrsta og halda þjóðhátíðardaginn hátíðlegan. Það kom mér líka mjög á óvart hvað hátíðahöldin á Íslendingadeginum í Gimli eru mikil og það sama á við um Mountain. Við höfðum allar mjög gaman af því hvað við upplifðum okkur sem algjörar prinsessur í ferðinni. Allsstaðar var allt skipulagt fyrir okkur út í þaula og okkur afar vel tekið.

Vönduð umsókn segir sitt

Ég er mjög þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að fara í ferðina. Ég myndi ekki hika við að sækja um aftur ef það væri möguleiki. Þetta var frábær reynsla og ég kynntist yndislegu fólki, bæði hér heima og úti, sem ég á eftir að halda sambandi við. Síðan var ég svo heppin að fá tækifæri til að hitta marga

ættingja mína í Vesturheimi og sumir þeirra ætla að koma í heimsókn til Íslands í sumar. Skipulagið á ferðinni var til fyrirmyndar og framkvæmdin einnig. Eftir ferðina hef ég fengið mikinn áhuga á Kanada og vona svo sannarlega að ég fari þangað aftur.

Ég hvet þá sem sækja um að vanda umsóknina því það eykur að sjálfsögðu líkur á að vera valin. Fyrir framtíðarvesturfara getur verið áhugavert að kynna sér aðeins flutninga Íslendinga til Vesturheims á árum áður til þess að átta sig betur á sögunni, staðhátum og öðru slíku. Það getur einnig verið gagnlegt að lesa sér til um staðina sem heimsóttir verða því það getur komið sér vel í heimsókninni. Ef þátttakendur eiga ættingja í Vesturheimi sem þeir vita af er gaman að setja sig í samband við þá. Til þess að afla upplýsinga um ættingja sem lítil vitneskja er um, getur verið gagnlegt að hafa samband við Vesturfarasetrið á Hofsósi. Ég hvet komandi þátttakendur til að njóta tímans í Vesturheimi því hann líður alltof hratt. Að lokum hvet ég ungt fólk til að sækja um Snorra West og upplifa þannig ævintýralegt sumar.



**GERÐUR SKELTI SÉR
Á GOLFMÓT Í GIMLI**



**FJALLKONAN VAR
FERSK Í GIMLI**



**SIMMI FÉKK MYND AF SÉR
MEÐ STELPUNUM**



**Í EDMONTON HITTI GERÐUR
ÆTTINGJA SÍNA SEM
HÖFÐU LITÁ Á SÉR HÁRIÐ
HENNI TIL HEIÐURS**

MAR

PSSST...
Vilt þú ferðast á Íslendingaslóðir?
Sæktu um á www.snorri.is
fyrir 3. mars.

**ÞJÓÐBÚNINGURINN
NAUT SÍN Í BLÍÐUNNI**



GERÐUR
Fyrstu sex: 200789
Lag á heilanum: So Good to Me - Chris Malinchak
Í bragðarefnið fæ ég mér: Þrist, jarðarber og banana
Uppáhalds app: Gmail og Facebook



**MYNDARLEGRI VÍKINGUR
HEFUR SJALDAN SÉST**



**GERÐUR OG ÞORBJÖRG
GERA SÉR GLAÐAN DAG
Á GLÆSIKERRU**

Well, nobody's perfect.
Osgood-Some Like It Hot

KVIKMYND

Ekki er allt sem sýnist!

American Hustle er ný-asta mynd leikstjórans Davids O. Russell sem á undanförmum árum hefur gert hinar stórgóðu myndir Silver Linings Playbook og The Fighter. Hann sækir einmitt leikarana fyrir American Hustle úr hinum tveim myndunum, Christian Bale og Amy Adams úr The Fighter og Bradley Cooper og Jennifer Lawrence úr Silver Linings Playbook.

American Hustle segir frá Irving Rosenfeld, leiknum af Bale, sem hefur gabbað fólk til að gefa sér peninga alla ævi. Hann ásamt samstarfskonu sinni og hjákonu Edith, Adams, hafa gert það gott í svikamyllunum í langan tíma þegar þau lenda í höndunum á FBI-fulltrúanum Richie DiMaso, Cooper. DiMaso þvingar þau til þess að vinna með sér og fallast þau á það. Richie er metnaðar-

fullur FBI-fulltrúi á uppleið og lætur hann metnaðinn fara frammúr sér sem skapar gríðarleg vandræði fyrir




Irving og Edith sem þurfa að taka á honum stóra sínum til að halda sér úr fangelsi og jafnvel á lífi. American Hustle er finasta mynd og handritið er alveg þokkalegt. Leikstjórinn gerir ágætlega í að halda spennunni gangandi og flæðir myndin þokkalega vel og endar með ákveðnum hvelli. Það sem setur þessa mynd samt uppá hærra plan eru leikararnir. Christian Bale sýnir enn og aftur hversu fær leikari hann er og er hann nánast óþekkjanlegur miðað við fyrri hlutverk. Bradley Cooper heldur síðan áfram að sanna sig sem virkilega flottur leikari og stendur sig mjög vel í þessari mynd. Þær Amy Adams og Jennifer Lawrence, eru síðan frábærar og þá sérstaklega Lawrence að mínu mati sem er á góðri leið með að verða ein af skærustu stjörnum Hollywood, gjörsamlega frábær. Jeremy Renner stendur sig líka vel í minna hlutverki og eðaltöfvarinn og reynsluboltinn Robert De Niro á líka flotta og skemmtilega innkomu.

American Hustle er flott mynd sem heldur manni vel á tánun. Leikarahópurinn gerði myndina og eiga þau öll sína óskarstilnefningu fyllilega skilið.



AMERICAN HUSTLE

ÍVAR ORRI



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Dallas Buyers Club

Verðlaunamyndin Dallas Buyers Club, með Matthew McConaughey, Jennifer Garner og Jared Leto, verður frumsýnd á föstudaginn, 31. janúar.

Um miðjan níunda áratuginn fær kvennaljóminn og rafvirkinn Ron Woodroof (McConaughey) þau hörmulegu tíðindi að hann sé með alnæmi og eigi bara 30 daga eftir ólifaða. Hann stælur AZT-lyfjum í von um að þau vinni bug á sjúkdómnum, en meðferðin ber engan árangur. Hann ákveður því að leita óhefðbundinna aukahlutverki (Leto).

Leikstjóri: Jeff Nichols.
Leikarar: Matthew McConaughey, Jennifer Garner og Jared Leto.
Sýningarstaðir: Laugarásbíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 14 ára.

lækninga og smygjar ósamþykktum lyfjum til Bandaríkjanna. Hann slæst í hópinn með öðrum alnæmissjúklingi, Rayon (Leto), og hefst handa við að selja lyfn til vaxandi fjölda fólks sem getur ekki beðið eftir að heilbrigðisyriföld komi því til bjargar. Dallas Buyers Club er tilnefnd til 6 óskarsverðlauna, m.a. sem besta myndin, og fékk tvö Golden Globe-verðlaun fyrir besta leikarann í aðalhlutverki (McConaughey) og besta leikarann í

Allir bolir á 2.900 kr.

Verð áður 3.490 kr.

Verð áður 3.490 kr.

Verð áður 3.490 kr.

Verð áður 3.490 kr.

Verð áður 3.900 kr.

Verð áður 3.490 kr.

VILTU VINNA MIÐA?

facebook.com/monitorbladið

TÖLVULEIKUR

Af hverju PlayStation 4?

Hvað þarf til að fá mörg hundruð manns til að standa í röð utandyra um kvöld á þriðjudegi? Nei, Kardashian-fjölskyldan var ekki að droppa við, heldur var PlayStation 4-tölvun að koma út. PlayStation 3-tölvun er til á næstum fjórðungi íslenskra heimila og nú gætu margir spurt sig: er það ekki bara nóg? Af hverju PlayStation 4?

Það fyrsta sem maður tekur eftir er flott hönnun vélarinnar, en hún er sótsvört og öll fallega straumlínu-löguð og sem græja sómir hún sér vel í hvaða stofu sem er. En það sem er undir húddinu skiptir mestu máli þegar kemur að leikjatölvum og þar tekur mesta stuðið við.

PlayStation 4-stýrikerfið er mjög notendavænt og mun þægilegra en það var í PlayStation 3. Hér geta notendur gert allt að sínu og geta menn valið hvort þeir spila sem einhver ónafngreindur á netinu eða að tengja sig við Facebook og spila þannig. Það er persónulegra og sýnir profile-myndina, þannig að þeir sem eru að keppa við þig sjá hvern er verið að keppa við. Facebook-tengingin gerir notendum líka kleift að deila efni á Facebook, en þetta gæti verið myndband úr einhverjum leik, t.d. ef skorað er flott mark í Fifa eða eitthvað flott úr Call of Duty eða Battlefield.



Nýrri tölvu fylgir nýr stýripinni og er Dual Shock 4-pinninn mjög flott uppfersla á eldri pinnum. Hann fer vel í hendi, er nákvæmari en fyrri pinnar og hefur nokkrar nýjungar á borð við snertiflöt sem leikmenn geta notað í leikjum, einnig skartar hann ljósi sem myndavél PlayStation 4-tölvunnar nemur og svo er hann með innbyggðan hljóðnema sem nýtist vel í mörpum leikjum.

Tæknilega séð er PlayStation 4 sú fullkonnasta á markaðnum í dag og keyrir flesta leiki í 1080p upplausninni sem er full háskerpa, en það er eitthvað sem PlayStation 3 til dæmis náði sjaldnast að gera. En það er ekki bara grafíkin sem er betri, því öll vinnsla í vélinni er allt að 10 sinnum fullkonnari og hraðari en áður og sést það vel í leikjum á borð við Battlefield 4 (þar sem 64 geta spilað saman í stað 24) og í Fifa þar sem allar aðgerðir eru mun flóknari og fullkonnari.

Þannig að þeir sem vilja taka stóra skrefið inni framtíðina ættu að tékka á PlayStation 4-vélinni, en hún er loksins komin á markað ásamt helling af leikjum og aukahlutum.



Glæný uppistandssýning í Þjóðleikhúskjallaranum

Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Björn Bragi, Dóri DNA og Jóhann Alfreð

„Þetta grín náði svo í gegn hjá mér að ég grét í orðsins fyllstu merkingu úr hlátri“
- Fréttatíminn, MT

„Ábyrgist þriggja daga harðsperrur í maga á eftir.“
- Fanney Birna Jónsdóttir
Viðskiptarítstjóri Fréttablaðsins.

„Besta grínið í bænum!
Frábær skemmtun!“
- Árni Páll Árnason
fyrirverandi ráðherra

**UPPSELT Á
25 SÝNINGAR**

Nýjar sýningar komnar í sölu.

Miðaverð aðeins
2900 kr.
Tilboð til fyrirtækja
og hópa

Doritos

midi.is

pepsi
MAXO



Miðasala á midi.is og miðasölu Þjóðleikhússins í síma 551-1200

SAMSUNG



Hreinasta afbragð!

Samsung Galaxy Note spjaldtölvurnar eru afbragðs góðar. Þær veita notendum frelsi til athafna. Penninn sem fylgir gerir verkefni skemmtilegri, einfaldara er að skrifa glósur og opna á nýja möguleika til að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín.

Notkunarmöguleikarnir margfaldast og þær nýtast einstaklega vel við lærdóminn. Galaxy Note eru með Android stýrikerfinu sem er lang vinsælasta og útbreiddasta stýrikerfið fyrir snjalltæki í dag. Þær fást í nokkrum stærðum og gerðum þannig að ávalt má finna tæki sem hentar hverjum og einum fullkomlega.

Svo skilja Galaxy Note spjaldtölvurnar að sjálfsgöðu íslensku.

Söluaðilar um land allt

